

# Ársskýrsla 2017

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga

Starfstímabilið október 2016 – september 2017

Desember 2017



SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	1
2. Skipan eftirlitsnefndar og starfsmaður .....	2
3. Hlutverk .....	3
3.1 Skyldur sveitarstjórna og aðgerðir nefndarinnar .....	3
3.2 Fyrirbyggjandi aðgerðir.....	3
4. Starfsreglur og starfsáætlun .....	4
5. Þróun fjármála sveitarfélaga .....	8
5.1 Verðlagsþróun .....	8
5.2 Heildartekjur.....	9
5.3 Rekstrargjöld .....	10
5.4 Framlegð (EBITDA) .....	12
5.5 Skuldir og skuldbindingar .....	13
5.6 Rekstrarniðurstaða.....	15
5.7 Veltufé frá rekstri .....	17
6. Störf nefndarinnar .....	20
6.1 Starfsemin.....	20
6.2 Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga.....	21
6.3 Reikningsskil sveitarfélaga .....	21
6.4 Lífeyrisskuldbindingar sveitarfélaga.....	22
6.5 Viðmiðanir, lágmarksviðmið og lykiltölur.....	22
7. Sérstakar aðgerðir – samkomulag við sveitarfélög .....	25
7.1 Breiðdalshreppur .....	25
7.2 Reykjanesbær .....	26
8. Yfirlit um helstu fjárhæðir og kennitölur .....	30
Samantekin reikningsskil allra sveitarfélaga.....	30
A-hluti Samanburður á ársreikningum 2016 .....	31
A- og B-hluti Samanburður á ársreikningum 2016 .....	40

# 1. Inngangur

Í skýrslunni er fjallað um ársreikninga ársins 2016 og þróun fjármála sveitarfélaga á því ári með samanburði við fyrri ár og samanburði við fjárhagsáætlun fyrir árið 2017. Yfirlit um fjármál einstakra sveitarfélaga fyrir árið 2016 er að finna í 8. kafla skýrslunnar. Eins og kunnugt er ber sveitarfélögum að skila til ráðuneytisins ársreikningi 2016 eigi síðar en 20. maí ár hvert. Vegna tímasetningar á skilum ársreikninga þykir eftirlitsnefndinni rétt að tímasetja ársskýrslu nefndarinnar á milli ára og fjalla um störf hennar fyrir tímabilið október til september ár hvert.

Auk skoðunar á samstæðu A- og B-hluta hefur eftirlitsnefndin sérstaklega skoðað A-hluta sveitarfélaga. Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga um jafnvægi í rekstri og skuldir miðast við A- og B-hluta en ljóst er að andi laganna er að sömu viðmið eigi við um rekstur A-hluta þar sem skatttekjum er ætlað að standa undir megin hluta rekstrarútgjalda þótt það sé ekki orðað þannig beint í lögnum.

Eins og fyrr var megin áherslan í störfum nefndarinnar vegna fjárhagslegra viðmiða sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, og ákvæða í reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið. Við lok ársins 2015 störfuðu sex sveitarfélög eftir ákvæðum um aðlögun að fjárhagslegum viðmiðum en í árslok 2016 eru sveitarfélögin þrjú, sjá mynd 19.

Við yfirferð á fjármálum sveitarfélaga verður ekki annað séð en rekstrarniðurstaða ársins 2016 sé betri en undanfarin ár. Veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum er að styrkjast og er árið 2016 svipað og það var árið 2012 þegar það var sem mest. Nettó skuldir lækka lítillega í krónum og lækka jafnframt nokkuð sem hlutfall af heildartekjum. Þrátt fyrir misjafna stöðu einstakra sveitarfélaga virðist fjárhagsstaða þeirra á heildina litið vera ágæt.

Á árinu 2016 voru samþykkt ný lög vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Brúar lífeyrissjóðs. Í árslok 2017 voru sveitarfélögum kynntar niðurstöður útreikninga Brúar þar sem fram kom að auknar skuldbindingar nema um 40 milljörðum króna sem skiptast á Jafnvægissjóð (9,9 mkr.), Lífeyrisaukasjóð (27,3 mkr.) og Varúðarsjóð (3,0 mkr.). Bókfærðar lífeyrisskuldbindingar A-hluta sveitarfélaga í árslok 2016 nema um 82 milljörðum króna og nemur aukning lífeyrisskuldbindinga því um 50%. Flest sveitarfélög munu fjármagna aukna lífeyrisskuldbindingu með lántöku sem áætlað er að hækki skuldahlutfall um 14% ef miðað er við heildartekjur ársins 2016.

Vegna yfirferðar á fjármálum sveitarfélaga hefur eftirlitsnefndin sett fram viðmið sem byggðar eru á lágmarkskröfum vegna fjárhagslegra viðmiða, þ.e.a.s. viðmið sem taka mið af því að standast jafnvægisreglu og skuldareglu sveitarstjórnarlaga. Viðmið þessi byggjast á mismunandi skuldahlutfalli og sýna þannig samspil við önnur viðmið þegar fjármál sveitarfélags eru skoðuð.

Eftirlitsnefndin hefur orðið vör við það að misbrestur er á að meðferð frávika/viðbótarútgjalda sé í samræmi við sveitarstjórnarlög þrátt fyrir mjög skýr ákvæði í lögum um meðferð þeirra. Ekki er heimilt í lögnum að viðaukar séu gerðir eftir á eða til endurskoðunar á fjárhagsáætlun í lok árs. Nefndin telur þörf á að efla skilning sveitarstjórna á þessu lagaákvæði og styrkja sveitarstjórnir í innleiðingu á virku kostnaðareftirliti.

## 2. Skipan eftirlitsnefndar og starfsmaður

Skipan eftirlitsnefndar í september 2017.

### Aðalmenn

Pórir Ólafsson, formaður  
Anna Skúladóttir  
Birgir L. Blöndal

### Varamenn

Hermann Sæmundsson  
Guðmundur Fr. Sigurðsson  
Halldór V. Kristjánsson

### Starfsmaður

Eiríkur Benónýsson

Sigurður Ármann Snævarr, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, situr fundi nefndarinnar.

Þann 1. desember 2017 lét Anna Skúladóttir af störfum í nefndinni og sæti hennar tók Gerður Guðjónsdóttir.

## 3. Hlutverk

Þann 1. janúar 2012 tóku nýju sveitarstjórnarlögin, lög nr. 138/2011, gildi og starfar eftirlitsnefndin samkvæmt VIII. kafla laganna. Hlutverk nefndarinnar samkvæmt lögnum er að fylgjast með fjármálum, þ.m.t. reikningsskilum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, og bera saman við viðmiðanir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Nefndin skal hafa almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur. Eftirlit nefndarinnar og ákvarðanir hennar skulu byggjast á heildarmati á fjárhagslegri stöðu einstakra sveitarfélaga. Nefndinni ber í einstökum málum að velja úrræði sem líklegust eru til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt að teknu tilliti til sjálfstjórnar sveitarfélaga.

Á grundvelli 3. mgr. 64. gr. og 81. gr. sveitarstjórnarlaga var sett reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga, nr. 502/2012. Reglugerðin var sett í þeim tilgangi að setja skýr viðmið um rekstur og fjárhagsstöðu sveitarfélaga og tryggja virkt eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli kröfur um fjárhagslega sjálfbærni samkvæmt sveitarstjórnarlögnum.

### 3.1 Skyldur sveitarstjórna og aðgerðir nefndarinnar

Komist sveitarfélag í fjárþröng svo að sveitarstjórn telur sér ekki unnt að standa í skilum skal hún tilkynna það eftirlitsnefndinni þegar í stað. Nefndin lætur þá rannsaka fjárreiður og rekstur sveitarfélagsins og leggur síðan fyrir sveitarstjórn að bæta úr því sem áfátt kann að reynast.

Þegar tilefni er til vegna fjármála eða fjármálastjórnar sveitarfélags skulu ráðherra og viðkomandi sveitarstjórn, á grundvelli rökstuddrar tillögu eftirlitsnefndar, gera samkomulag um fjárhagsleg málefni sveitarfélagsins. Í samkomulagi skal fjalla um tilgang þess og viðmið um fjárhagsleg málefni eftir því sem þörf er á, þar á meðal um rekstur, fjárfestingar og álagningu gjalda og skatta. Ráðherra getur einnig gert samkomulag að beiðni viðkomandi sveitarstjórnar. Skal þá leitað umsagnar eftirlitsnefndar áður en samkomulag er gert.

Þegar samkomulag liggur fyrir skal það staðfest af ráðuneytinu annars vegar og viðkomandi sveitarstjórn hins vegar. Ráðuneytið getur gert þá kröfu að  $\frac{2}{3}$  fulltrúa á fundi sveitarstjórnar greiði atkvæði með samkomulaginu til að það öðlist gildi. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur eftirlit með framkvæmd sveitarfélags á samkomulaginu.

### 3.2 Fyrirbyggjandi aðgerðir

Verkefni eftirlitsnefndar beinast fyrst og fremst að fyrirbyggjandi aðgerðum. Þeim sinnir nefndin með því að vekja athygli á tilteknum þáttum í rekstri og efnahag sveitarfélaga sem ekki eru í samræmi við fjárhagsleg viðmið og/eða með viðvörðunum ef fjármál sveitarfélags virðast stefna í óefni.

## 4. Starfsreglur og starfsáætlun

### Starfsreglur

#### Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga

##### **1. gr. Almennt**

Eftirlitsnefndin starfar í samræmi við ákvæði VIII. kafla laga nr. 138/2011 um sveitarfélög og reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

##### **2. gr. Tilgangur**

Tilgangur starfsreglnanna er að útfæra nánar fyrirmæli um störf og verkefni eftirlitsnefndarinnar til stuðnings gildandi lögum og reglugerðum sem nefndin starfar eftir.

Nefndarmenn skulu gæta þess vandlega að hagsmunir sveitarfélaga séu virtir og að fullur trúnaður ríki um umfjöllunarmál nefndarinnar.

##### **3. gr. Hlutverk og ábyrgð eftirlitsnefndar**

Eftirlitsnefndin fjallar um þau mál sem henni er falið samkvæmt lögum og reglugerðum svo og þau mál sem starfsmaður nefndarinnar leggur fyrir nefndina. Nefndin skal reglulega meta og endurskoða fyrirkomulag og verklag sem komið hefur verið á til að uppfylla skyldur samkvæmt lögum og reglum og gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á hvers konar annmörkum.

Hlutverk nefndarinnar skv. 79 gr. laganna er m.a. eftirfarandi:

1. Eftirlit með fjármálum, þ.m.t. reikningsskilum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga.
2. Samanburður við viðmiðanir samkvæmt lögum nr.138/2011.
3. Almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur.
4. Eftirlit og ákvarðanir skulu byggjast á heildarmati á fjárhagslegri stöðu sveitarfélaga.
5. Val á einstökum úrræðum sem líklegust eru til að ná því markmiði sem að er stefnt að teknu tilliti til sjálfstjórnar sveitarfélaga.

Nefndin skal árlega gera skýrslu um störf sín, þar sem hún gerir grein fyrir verkefnum sínum og eftirlitsaðgerðum og til hvaða niðurstöðu þær hafa leitt.

#### **4. gr. Skipan og hæfi eftirlitsnefndar**

Ráðherra skipar nefndarmenn til fimm ára í senn. Einn fulltrúi skal tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir án tilnefningar og skal a.m.k. annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Um hæfi nefndarmanna kemur fram í lögum. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar, ásamt því að hafa góða yfirsýn yfir fjármál og rekstur sveitarfélaga.

#### **5. gr. Fundir**

Nefndin skal funda að lágmarki mánaðarlega og oftari ef þurfa þykir en fundir skulu að jafnaði falla niður í júlí. Nefndin getur óskað eftir því að sveitarstjórn og/eða sveitarstjóri eða aðrir starfsmenn sveitarfélags eða aðrir aðilar, sem hún telur ástæðu til að kalla til, mæti á fund nefndarinnar til að veita henni upplýsingar.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar. Starfsmaður nefndarinnar kveður nefndina til fundar í umboði formanns og skal leitast við að dagskrá fundar liggi fyrir í síðasta lagi tveimur starfsdögum fyrir fundardag. Nefndarmenn geta sérstaklega óskað eftir fundi með tilkynningu til formanns.

Fundi nefndarinnar skal að jafnaði halda í ráðuneytinu en ella þar sem formaður ákveður.

Nefndin skal halda gerðarbók, þar sem fundargerðir nefndarinnar eru skráðar. Heimilt er að hafa gerðarbók á lausblaðaformi eða á rafrænu formi. Fundargerðir nefndarinnar skulu að lokinni samþykkt geymdar á starfsstöð starfsmanns nefndarinnar.

Nefndin metur störf sín í lok hvers starfsárs og endurskoðar starfsreglur þessar eftir því sem þurfa þykir.

## **Starfsáætlun**

Í VIII. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er fjallað um hlutverk og reglur um störf EFS ásamt því að reglugerð nr. 502/2012 fjallar um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

Í því skyni að fullnægja hlutverki sínu samkvæmt lögum eru eftirfarandi aðgerðir framkvæmdar vegna eftirlits með fjármálum sveitarfélaga:

1. Yfirferð ársreikninga 2016 og samanburður við fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga og fjárhagsleg viðmið EFS.
2. Yfirferð fjárhagsáætlana 2017-2020 og samanburður við fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga og fjárhagsleg viðmið EFS.
3. Yfirferð á gildandi aðlögunaráætlunum og samanburður við ársreikning 2016 og fjárhagsáætlanir 2017-2020.
4. Yfirferð á árshlutauppgjörum og/eða útkomuspám 2017 fyrir sveitarfélög sem starfa samkvæmt aðlögunaráætlun og þeirra sem áætlað er að muni ekki standast fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga.

5. Yfirferð á endurskoðunarskýrslum 2016 en þar koma fram upplýsingar um fjármál og fjármálastjórn og lúta að hlutverki EFS í 79. gr. sveitarstjórnarlaga um almennt eftirlit með því að þessir þættir séu í samræmi við lög og reglur.
6. Nánari umfjöllun vegna viðauka við fjárhagsáætlun og samskipti við sveitarfélög til að undirstrika mikilvægi viðaukanna vegna fjármálastjórnar og innra eftirlits innan fjárhagsársins.
7. Yfirferð á fjármálum A-hluta með tilliti til fjárhagslegra viðmiða sveitarstjórnarlaga og samspils við B-hluta fyrirtæki.

Að öðru leyti vísast til 19. gr. reglugerðar nr. 502/2012 vegna upphafs máls hjá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga en þar segir:

*Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga skal almennt byggja athuganir sínar, samskipti og eftirlitsaðgerðir vegna fjárhagsstöðu einstakra sveitarfélaga á heildstæðu mati á fjárhagsstöðu sveitarfélaga.*

*Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga tekur mál til formlegrar athugunar af eftirtöldum ástæðum:*

- a. Þegar ársreikningur, fjárhagsáætlun, viðaukar við fjárhagsáætlun eða reglulegar upplýsingar um fjármál sveitarfélags gefa tilefni til formlegra afskipta nefndarinnar, svo sem ef fjármál sveitarfélags eru ekki í samræmi við viðmið skv. 6. gr. reglugerðar þessarar og ekki er í gildi aðlögunaráætlun skv. V. kafla.
- b. Ef tilkynning um fjárþröng berst frá sveitarstjórn, sbr. 1. mgr. 5. gr.
- c. Á grundvelli skriflegrar álitsgerðar frá endurskoðanda, sbr. 2. mgr. 5. gr.
- d. Ef nefndinni berast upplýsingar um fjármál sveitarfélags sem gefa tilefni til athugunar.
- e. Þegar heildarmat nefndarinnar á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins bendir til þess að fjármál þess stefni í óefni.

*Áður en eftirlitsnefndin hefst handa við formlega athugun máls getur hún kallað eftir skýringum eða upplýsingum frá viðkomandi sveitarfélagi. Telji nefndin ekki, að fengnum slíkum skýringum og upplýsingum, tilefni til þess að halda athugun máls áfram skal hún rökstyðja þá ákvörðun og senda tilkynnanda og sveitarstjórn niðurstöðu sína.*

Helstu áherslur í starfi EFS:

### **Áætlanir um aðlögun**

Yfirferð á áætlunum sveitarfélaga um hvernig þau hyggjast ná fjárhagslegum viðmiðum sveitarstjórnarlaga með samanburði við ársreikninga og fjárhagsáætlanir.

### **Greining og framsetning**

Greining og framsetning fjárhagsupplýsinga verði í sífelldri endurskoðun með það að markmiði að auðvelda nefndinni yfirferð á helstu lykiltölum í rekstri sveitarfélaga.

### **Sérstök greining**



Komi í ljós við almenna yfirferð á helstu lykiltölum í rekstri sveitarfélaga að nauðsynlegt sé að skoða frekar fjármál sveitarfélags verði sérstök greining unnin um fjárhag viðkomandi sveitarfélags. Þar verði þróun undanfarinna ára borin saman við núverandi ársreikning og fjárhagsáætlanir. Markmið yfirferðar er að fá skýrari mynd á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

### ***Samanburður milli sveitarfélaga***

Lögð verði áhersla á samanburð á lykiltölum á milli sveitarfélaga. Markmiðið er að ná heildar yfirsýn um stöðu og þróun í rekstri sveitarfélaga. Sérstaklega er gagnlegt að skoða þessa þróun út frá fjölda íbúa í viðkomandi sveitarfélagi.

### ***Framsetning fjárhagsviðmiða í samræmi við reglugerð***

Í framhaldi af útgáfu reglugerðar nr. 502/2012 setti nefndin fram samræmd viðmið á fjárhagslegum lykiltölum um fjármál sveitarfélaga. Áfram verði unnið með viðmiðin og skoðun á nýjum viðmiðum. Markmið slíkra viðmiða er að setja fram opinberlega til hvers ætlast er af sveitarfélögum í fjárhagslegum skilningi.

### ***Samskipti við sveitarfélög***

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga og bera þau saman við viðmiðanir. Í þessum tilgangi er lögð áhersla á upplýsingagjöf frá sveitarfélögum um einstök fjárhagsleg málefni sem nefndinni þykir ástæða til að fylgjast með og leggja áherslu á vegna fjármálastjórnar sveitarfélaga. Lögð verði áhersla á samskipti við sveitarfélög sem nefndin telur sérstaka ástæðu til að fylgjast með. Bréflæg samskipti og öflun upplýsinga verði ríkur þáttur í eftirliti nefndarinnar. Markmið tíðari samskipta er að veita sveitarstjórnnum uppbyggilegt og faglegt aðhald vegna fjármálastjórnunar viðkomandi sveitarfélaga.

## 5. Þróun fjármála sveitarfélaga


Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þróun fjármála sveitarfélaga árin 2012 til 2016 sem heild ásamt fjárhagsáætlunum 2017. Í umfjöllun eru fjárhæðir annars vegar vegna A-hluta reikningsskila og hins vegar fyrir samstæðu reikningsskila A- og B-hluta og eru þær settar fram í sviga. Í töflum aftast eru upplýsingar aðgreindar fyrir hvert einstakt sveitarfélag.

Allar fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs og því er nauðsynlegt að hafa í huga verðlagsþróun á tímabilinu við nánari samanburð á fjárhæðum. Rétt er að ítreka að samantekt þessa kafla er ætlað að gefa yfirlit um þróun fjármála sveitarfélaga í heild en til frekari skoðunar á einstaka sveitarfélögum er bent á kafla 9 í skýrslu þessari eða ársreikninga þeirra.

### 5.1 Verðlagsþróun

Litið til verðlags- og gengisþróunar hér á landi þá sýnir mynd 1 þróun gengisvísitölu og vísitölu neysluverðs árin 2012-2016. Síðastliðin ár hefur vísitala neysluverðs þróast með nokkuð öðrum hætti en gengisvísitalan sem hefur lækkað um 25% á tímabilinu 2012-2016. Vísitala neysluverðs hefur hækkað um 13,7% á sama tímabili. Bein áhrif sterkari krónu gagnvart erlendum gjaldmiðlum eru þó almennt ekki mikil á fjárhag sveitarfélaga þar sem fæst þeirra eru með skuldir í erlendum gjaldmiðli. Rétt er þó í þessu tilliti að nefna Reykjavíkurborg en Orkuveita Reykjavíkur er að hluta fjármögnuð með lánunum í erlendum gjaldmiðli.


Mynd 1




## 5.2 Heildartekjur

Heildartekjur sveitarfélaganna hafa á tímabilinu 2012-2016 aukist úr 207 milljörðum króna (A+B 279) í 285 milljarða króna (A+B 371) eða um 38% (A+B 33%).

### Mynd 2



### Mynd 3




Hækkun heildartekna milli áráanna 2015 og 2016 var um 11,7% (9,9%) og í áætlun um heildartekjur árið 2017 er gert ráð fyrir hækkun frá árinu 2016 um 2,0% (1,6%). Myndir 2 og 3 sýna þessa þróun ásamt sundurliðun á helstu tekjum sveitarfélaganna. Þegar horft er til þróunar á heildartekjum og verðlagsþróunar árin 2012-2016 er ljóst að rauntekjur sveitarfélaganna hafa hækkað á þessu tímabili þar sem vísitala neysluverðs hefur hækkað um 13,7% á tímabilinu 2012-2016.


### 5.3 Rekstrargjöld

Rekstrargjöld sveitarfélaganna (án afskrifta) hafa á tímabilinu 2012-2016 aukist úr 188 milljörðum króna (A+B 219) í 258 milljarða króna (A+B 302), eða um 37,5% (38,0%). Myndir 4 og 5 sýna þróunina árin 2012-2016 og áætlun fyrir árið 2017. Ef skoðuð eru einstök ár virðist hlutfallslega mesta aukning kostnaðar vera árin 2014-2015, um 13,3% (13,2%), en áætlanir gera ráð fyrir 3,3% (3,1%) hækkun rekstrarkostnaðar árið 2017.

Mynd 4




Mynd 5



Litið til þróunar launa og launatengdra gjalda (án breytinga á lífeyrisskuldbindingum) í hlutfalli við heildartekjur sést að hlutfallið lækkaði á tímabilinu 2012-2013 í 49,6% (41,9%)


árið 2013 en hækkar aftur árin 2014 og 2015. Árið 2016 lækkar hlutfallið aftur og er í 51,0% (44,7%) en áætlanir gera svo ráð fyrir hækkanði hlutfalli fyrir árið 2017. Á mynd 6 sést þróunin á tímabilinu 2012-2016 og áætlun 2017.

### Mynd 6



Litið til þróunar í öðrum rekstrarkostnaði þá var hlutfallið um 39,3% (A+B 35,9%) árið 2014 eins og mynd 7 sýnir. Á tímabilinu 2014-2016 fer hlutfallið lækkandi og áfram er gert ráð fyrir lækkun árið 2017.


### Mynd 7




## 5.4 Framlegð (EBITDA)

Við samanburð á framlegð er litið til framlegðar fyrir afskriftir (EBITDA). Á myndum 8 og 9 sést þróunin árin 2012-2016 og áætlun fyrir árið 2017. Árið 2012 var samanlögð framlegð sem hlutfall af heildartekjum 91% (A+B 21,4%) en 11,0% (22,3%) árið 2013 þegar hún var sem mest. Hlutfallið lækkaði á árunum 2014 og 2015 en var orðið 9,3% (18,5%) árið 2016. Áætlanir gera hins vegar ráð fyrir að framlegð ársins 2017 lækki og verði 8,1% (17,3%). Rétt er að benda á að Reykjavíkurborg gjaldfærði á árinu 2015 um 12,3 milljarða króna umfram fjárhagsáætlun vegna lífeyrisskuldbindinga sem hefur nokkur áhrif á heildarniðurstöðu framlegðar á árinu 2015.

Mynd 8



Mynd 9




Á árinu 2010 setti eftirlitsnefndin sér vinnureglur um tiltekin viðmið varðandi heildarskuldir og skuldbindingar sveitarfélaga sem og um framlegð rekstrar í A-hluta reikningsskilanna. Var við það miðað að fjármál sveitarfélags yrðu skoðuð sérstaklega ef heildarskuldir væru yfir 150% af heildartekjum í A-hluta reikningsskilanna. Jafnframt var litið til peningalegra eigna á móti skuldum, framlegðar frá rekstri og fleiri þátta. Framlegð frá rekstri er sú fjárhæð sem rekstur sveitarfélagsins leggur til greiðslu vaxta og afborgana af skuldum, auk fjárfestinga. Eftirlitsnefndin setti einnig fram viðmið um 15-20% framlegð frá rekstri til að standa undir framtíðarskuldbindingum þegar þær nema 150% af heildartekjum. Með nýjum sveitarstjórnarlögum sem tóku gildi 1. janúar 2012 var 150% skuldaviðmið lögfest vegna skulda og skuldbindinga fyrir A- og B-hluta.


## 5.5 Skuldir og skuldbindingar

Heildarskuldir og skuldbindingar sveitarfélaganna hafa fyrir A-hluta vaxið úr 266 milljörðum króna í 298 milljarða króna á tímabilinu 2012-2016 eða um 12%. Skuldir A- og B -hluta hafa hins vegar lækkað á sama tímabili um 4% og voru 569 milljarðar króna árið 2016. Nettó skuldir A-hluta (heildarskuldir að frádregnum peningalegum eignum án eigin fyrirtækja) hafa á sama tímabili vaxið úr 205 milljörðum króna í 232 milljarða króna eða um 13%. Nettó skuldir A- og B-hluta hafa lækkað á sama tímabili og eru um 456 milljarðar króna árið 2016. Myndir 10 og 11 sýna þróunina á umræddu tímabili.

### Mynd 10




## Mynd 11



Heildarskuldir og skuldbindingar sem hlutfall af heildartekjum (myndir 12 og 13) námu 128% (A+B 213%) árið 2012 en voru 105% (153%) árið 2016. Áætlun fyrir árið 2017 gerir ráð fyrir áframhaldandi lækkun hlutfallsins hjá A- og B-hluta og verði það um 105% (150%). Nettó skuldir (heildarskuldir að frádrögnum peningalegum eignum, án eigin fyrirtækja) hafa á tímabilinu 2012-2016 lækkað úr 99% (181%) í 81% (123%) árið 2016. Áætlun fyrir árið 2017 gerir ráð fyrir aðeins hækkandi hlutfalli og að það verði um 86% (125%).


## Mynd 12



Eins og áður segir hefur eftirlitsnefndin sett sér viðmið um 15-20% framlegð frá rekstri og er þá miðað við 150% skuldahlutfall. Miðað við raunstöðu skulda árið 2016 eru nettó skuldir og skuldbindingar um 81% (123%) (sjá mynd 13) og framlegð er 9,3% (18,5%) (sjá mynd 9).



## Mynd 13




Þegar litið er á samanlagðan rekstur er hægt að miða við að þegar framlegðin nær 10-12% og nettó skuldahlutfallið er um 100% sé ákveðnu jafnvægi náð varðandi getu til að greiða afborganir skulda. Með sama hætti er hægt að miða við að þegar framlegðin nær 15-20% og nettó skuldahlutfallið er um 150% sé ákveðnu jafnvægi náð varðandi getu til að greiða afborganir af skuldum. Þó ber að hafa í huga að viðmið eftirlitsnefndarinnar nær ekki nema að takmörkuðu leyti til fjárfestinga vegna skuldsettari sveitarfélaga og því þarf framlegð þeirra að vera umfram viðmið til að standa einnig undir fjárfestingu þar sem stærri hluti framlegðar fer til niðurgreiðslu skuldanna svo skuldaviðmiði laganna verði náð.


## 5.6 Rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða sveitarfélaganna hefur á undanförunum árum verið nokkuð sveiflukennd eins og mynd 14 um þróun rekstrarniðurstöðu í milljónum króna ber með sér. Árið 2012 nam rekstrarhagnaður 1,3 milljörðum króna (A+B rekstartap 0,7) en rekstrarhagnaður var svo árin 2013 til 2014 með undantekningu árið 2014 fyrir A-hluta. Árið 2015 var hins vegar rekstartap A-hluta um 15,2 milljarðar króna og rekstartap A- og B-hluta um 1,9 milljarðar króna. Árið 2016 er nokkur viðsnúningur þar sem rekstrarhagnaður nemur 8,5 milljörðum (A+B 37,2) Áætlanir ársins 2017 gera svo ráð fyrir rekstrarhagnaði beggja rekstrarhluta. Mynd 15 sýnir hver þróunin er sé litið til hlutfalls rekstrarhagnaðar/taps á móti heildartekjum.

## Mynd 14



## Mynd 15




## 5.7 Veltufé frá rekstri

Veltufé frá rekstri segir til um hvaða fjármuni sveitarfélag hefur úr eigin rekstri til að greiða afborganir vegna skulda og skuldbindinga. Þannig er veltufé frá rekstri til marks um það hversu há fjárhæð er til ráðstöfunar eftir að búið er að greiða rekstrarkostnað, s.s. vexti og annan kostnað sem tilheyrir rekstri sveitarfélags. Rétt er að taka fram að veltufé frá rekstri er einnig ætlað að greiða fyrir fjárfestingar sveitarfélags en fjármögnun þeirra, sem og afborganir af skuldum, geta einnig verið með nýjum lánnum eða samblandi beggja þátta.

Þróun veltufjár frá rekstri á tímabilinu 2012-2016 er sýnd á mynd 16. Þar kemur fram að veltufé frá rekstri árið 2012 var um 20,9 milljarðar króna (A+B 51,3). Árin 2013-2014 fór þessi fjárhæð lækkandi en á árinu 2016 hækkaði veltufé frá rekstri og var um 33,9 milljarðar króna (67,1) en áætlanir fyrir árið 2017 gera ráð fyrir nokkurri lækkun.

Mynd 16




Vert er að undirstrika að mikilvægt er að horfa til hlutfallslegra þátta þegar þróunin á tímabilinu 2012-2016 er skoðuð. Þrátt fyrir að veltufé frá rekstri hafi hækkað í krónum á milli ára er ekki þar með sagt að sveitarfélögin hafi haft hlutfallslega úr meiri verðmætum að spila. Við samanburðinn þarf að hafa í huga verðþróun krónunnar á tímabilinu.

Við skoðun á þróun á veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum árin 2012-2016 sést að hlutfallið hefur farið lækkandi og er árið 2015 það lægsta á tímabilinu. Svipuð þróun hefur átt sér stað fyrir A- og B-hluta þar sem hlutfallið fer lækkandi (mynd 17). Hlutfallið var þannig árið 2012 um 10,2% (A+B 18,4%) en er árið 2015 um 6,5% (15,4%). Á árinu 2016 hækkar hlutfallið nokkuð og er um 11,9% (18,1%) sem er svipað og það var á árinu 2012. Áætlanir gera hins vegar ráð fyrir að hlutfallið lækki og verði um 8,7% (16,0%) árið 2017.

Eitt af lágmarksviðmiðum eftirlitsnefndarinnar snýr að veltufé frá rekstri sem hlutfall af rekstrartekjum. Við það er miðað að sveitarfélag sem skuldar um 150% af tekjum sínum þurfi að hafa veltufé frá rekstri um 7,5% af rekstrartekjum. Á sama hátt nær viðmiðið til 5%


hlutfalls borið saman við 100% skuldahlutfall. Við skoðun á heildarfjármálum sveitarfélaga er rétt að hafa til hliðsjónar viðmið um veltufé frá rekstri þegar þróun skulda er skoðuð.

### Mynd 17



Til frekari skoðunar á þróun veltufjár frá rekstri má skoða fjárhagslegt viðmið um hlutfall nettó skulda (peningaleg staða) á móti veltufé frá rekstri. Þróunin á tímabilinu 2012-2016 er reiknað hlutfall fyrir hvert ár og sýnir mynd 18 hvernig það hefur þróast undanfarin ár. Hlutfallið sýnir þannig hversu mörg ár það tæki sveitarfélag að greiða nettó skuldir sínar miðað við að veltufé frá rekstri á viðkomandi ári sé eingöngu notað til niðurgreiðslu skulda.

## Mynd 18



Reiknað hlutfall sýnir þannig að árið 2012 tæki bæði A-hluta og A- og B-hluta um 10 ár að greiða upp nettó skuldir miðað við þessar gefnu forsendur. Sama hlutfall fyrir árið 2016 sýnir að það tæki um 7 ár fyrir A-hluta og A- og B-hluta að greiða upp nettó skuldir sveitarfélaganna miðað við stöðu skuldanna í árslok 2016. Skoðun á hlutfallinu fyrir A- og B-hluta sýnir að þar sem veltufé frá rekstri hefur aukist á tímabilinu 2012-2016 og nettó skuldir hafa lækkað, hefur reiknað hlutfall farið lækkandi. Jafnframt sýnir skoðun á útreiknuðu hlutfalli fyrir A-hluta að það hækkar árið 2014 þar sem veltufé frá rekstri lækkar frá árinu 2013 ásamt því að nettó skuldir hækka.

## 6. Störf nefndarinnar

### 6.1 Starfsemin

Á starfstímabili eftirlitsnefndarinnar október 2016 til september 2017 hélt nefndin samtals 13 fundi og fundaði 8 sinnum með forsvarsmönnum sveitarfélaga. Til samanburðar á starfstímabilinu 2015-2016 voru fundir nefndarinnar 22 og fundað 15 sinnum með forsvarsmönnum sveitarfélaga.

Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga fyrir árin 2017-2020 voru til umfjöllunar hjá nefndinni og úrvinnsla og yfirferð ársreikninga fyrir árið 2016. Vegna fjárhagsáætlana var sérstök áhersla lögð á sveitarfélög þar sem skuldahlutfall var hærra en 150%.

Eftirlitsnefndin hefur sérstaklega skoðað A-hluta sveitarfélaga. Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga um jafnvægi í rekstri og skuldir miðast við A- og B-hluta en ljóst er að andi laganna er að sömu viðmið eigi við um rekstur A-hluta þar sem skatttekjum er ætlað að standa undir megin hluta rekstrarútgjalda þótt það sé ekki orðað þannig beint í lögnum.

Eins og á tímabilinu 2015-2016 var megin áherslan í störfum nefndarinnar vegna fjárhagslegra viðmiða sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, og ákvæða í reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið. Við lok ársins 2015 störfuðu sex sveitarfélög eftir ákvæðum um aðlögun að fjárhagslegum viðmiðum en í árslok 2016 eru sveitarfélögin þrjú. Mynd 19 sýnir þróun í skuldaviðmiði þessara sex sveitarfélaga og ljóst að vel hefur gengið að fylgja áætlunum um aðlögun.

### Mynd 19

Sveitarfélag	Skuldaviðmið 2011	Skuldaviðmið 2012	Skuldaviðmið 2013	Skuldaviðmið 2014	Skuldaviðmið 2015	Skuldaviðmið 2016	Skuldareglu náð áætlað ár	
Kópavogsbær	244%	206%	185%	175%	162%	146%	2018	Lokið
Norðurþing	245%	199%	179%	160%	153%	135%	2018	Lokið
Fljótsdalshérað	256%	235%	238%	246%	207%	181%	2019	
Hafnarfjarðarkaupstaður	250%	221%	192%	176%	170%	148%	2019	Lokið
Sandgerðisbær	323%	230%	227%	201%	189%	161%	2021	
Reykjanesbær	349%	245%	255%	234%	231%	211%	2022	

## 6.2 Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga

Samkvæmt 62. gr. sveitarstjórnarlaga skal sveitarstjórn afgreiða á hverju ári fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Þar segir jafnframt að fjárhagsáætlun næsta árs feli í sér bindandi ákvörðun um allar fjárhagslegar ráðstafanir sveitarfélagsins á því ári sem hún tekur til. Í 2. mgr. 63. gr. sömu laga eru heimildarákvæði um frávik frá samþykktri fjárhagsáætlun. Þar segir:

*„Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans. Í undantekningartilvikum má gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.“*

Eftirlitsnefndin hefur orðið vör við það að misbrestur er á að meðferð frávikavíðbótarútgjalda sé í samræmi við sveitarstjórnarlög þrátt fyrir mjög skýr ákvæði í lögum um meðferð þeirra. Ekki er heimilt í lögnum að viðaukar séu gerðir eftir á eða til endurskoðunar á fjárhagsáætlun í lok árs. Nefndin telur þörf á að efla skilning sveitarstjórna á þessu lagaákvæði og styrkja sveitarstjórnir í innleiðingu á virku kostnaðareftirliti.

Markmið reglna um form og efni viðauka við fjárhagsáætlun er að styrkja eftirlit og fjármálastjórn sveitarstjórna og tryggja að ef víkja þarf frá fjárhagsáætlun sé það gert með formlegum og gagnsæjum hætti. Viðauki við fjárhagsáætlun er fyrirfram ákveðin heimild til breytingar og er ekki ætlað að þjóna sem leiðrétting á skuldbindingum sem stofnað var til án heimildar í fjárhagsáætlun. Viðaukarnir eru þannig stjórn- og eftirlitstæki sveitarstjórnar með framkvæmd fjárhagsáætlunar.

Jafnframt hefur nefndin óskað eftir að sveitarfélög leggi fram útkomuspár um rekstur og efnahag yfirstandandi árs þegar umfjöllun um árshlutareikninga yfirstandandi árs og áætlanagerð næsta árs fer fram. Þannig vill nefndin stuðla að skilvirkara innra eftirliti, betri stjórnarháttum og bættum vinnubrögðum í fjármálastjórn sveitarfélaga.

## 6.3 Reikningsskil sveitarfélaga

Sveitarfélögum ber skv. sveitarstjórnarlögum að gera ársreikninga sína skv. lögum um ársreikninga. Ekki er í ársreikningalögum tilvísun til alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS - International Public Sector Accounting Standards). Tilvísun er í ársreikningalögum til IFRS (International Financial Reporting Standards) og nýtist það til að sækja viðmið skorti á útfærslu í ársreikningalögnum sjálfum. IFRS-staðlar eru í sumum tilvikum stífar en IPSAS-staðlar sem getur valdið auknum kostnaði hjá sveitarfélögum við að fara eftir þeim auk þess sem IPSAS er sniðið að opinberum rekstri sem rekinn er á öðrum forsendum en grunnviðmið í IFRS. Æskilegt kann því að vera að íhuga innleiðingu IPSAS í ársreikningalög til þess að sveitarfélög geti nýtt sér það regluverk við reikningsskil sín.

## 6.4 Lífeyrisskuldbindingar sveitarfélaga

Lífeyrisskuldbindingar koma fyrir í reikningsskilum margra sveitarfélaga og eru oft liður sem vísað er til að hafi þróast umfram áætlanir þegar eftirlitsnefndin er að greina frávik með sveitarfélögum. Í skýringum með ársreikningum sveitarfélaga eru afar takmarkaðar upplýsingar um forsendur lífeyrisskuldbindinga og jafnvel þó að um sé að ræða verulegan kostnaðarlið. Algengast er að vísað sé til tryggingafræðilegra útreikninga án þess að upplýst sé um helstu forsendur. Ljóst er að þær forsendur sem unnið er eftir ráða miklu um hve rétt útkoman er. Sérstaklega skal bent á forsendur um lífslíkur, þ.e. hvort miðað sé við nýjustu upplýsingar, hvort horft sé til þróunar lífslíkna út áætlaðan líftíma og hvernig aðlagð sé að rétthafahópi hverju sinni og síðan forsendur um launaþróun, þá m.t.t. þess hvort gert er ráð fyrir að framtíðarþróun launa fylgi sömu forsendum og almennar verðlagsbreytingar eða aðrar forsendur gefnar. Miða ber við nýjustu þekktar forsendur og að horfa skuli fram á við varðandi auknar lífslíkur og launaþróun til að ná sem réttustum útreikningum. Í ársreikningalögum er fjallað um að ekki skuli miða við hærri fjárhæð en nauðsynlegt er talið sem með gagnályktun þýðir að skuldfært skuli eins og nauðsynlegt er talið að verði. Það næst ekki nema með því að í upphafi séu gefnar tryggingafræðilegar forsendur um þróun lífslíkna og launa út skuldbindingartímanna hverju sinni.

Á árinu 2016 voru samþykkt ný lög vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Brúar lífeyrissjóðs. Í árslok 2017 voru sveitarfélögum kynntar niðurstöður útreikninga Brúar þar sem fram kom að auknar skuldbindingar nema um 40 milljörðum króna sem skiptast á Jafnvægisjóð (9,9 mkr.), Lífeyrisaukasjóð (27,3 mkr.) og Varúðarsjóð (3,0 mkr.). Bókfærðar lífeyrisskuldbindingar A-hluta sveitarfélaga í árslok 2016 nema um 82 milljörðum króna og nemur aukning lífeyrisskuldbindinga því um 50%. Flest sveitarfélög munu fjármagna aukna lífeyrisskuldbindingu með lántöku sem áætlað er að hækki skuldahlutfall um 14% ef miðað er við heildartekjur ársins 2016.

## 6.5 Viðmiðanir, lágmarksviðmið og lykiltölur

Með sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 voru sett viðmið um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Viðmiðin er að finna í 64. gr. laganna:

„Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

Skyldu skv. 1. mgr. skal sveitarstjórn fullnægja m.a. með því að:

1. samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum, og
2. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.

Ráðherra skilgreinir í reglugerð nánar þau viðmið sem lögð eru til grundvallar skv. 2. mgr., þar á meðal um útgjöld, tekjur, eignir, kuldir og skuldbindingar og aðlögun sveitarfélaga að þeim. Þar skal jafnframt heimilt að undanþiggja nánar tilgreindar kuldir eða skuldbindingar



einstakra sveitarfélaga þannig að þær hafi engin eða aðeins hlutfallsleg áhrif skv. 2. tölul. 2. mgr.“

Samkvæmt 15. gr. reglugerðar nr. 502/2012 skal eftirlitsnefndin reikna m.a. eftirfarandi lykiltölur við yfirferð á ársreikningum sveitarfélaga:

1. Reiknast sem hundradshluti af reglulegum tekjum:
  - a. Framlegð.
  - b. Rekstrarniðurstaða.
  - c. Veltufé frá rekstri.
  - d. Skuldahlutfall.
  - e. Skuldaviðmið.
  
2. Aðrar lykiltölur:
  - a. Veltufjárhluftfall.
  - b. Vaxtaberandi skuldir og skuldbindingar sem hlutfall af veltufé frá rekstri.
  - c. Peningaleg staða.

Við skoðun á lykiltölum samkvæmt þessari grein skal eftirlitsnefndin meta sérstaklega reikningsskil A-hluta annars vegar og B-hluta hins vegar.

Eftirlitsnefndin leggur áherslu á eftirfarandi grundvallaratriði við samanburð á rekstri og fjárhagsstöðu sveitarfélaga:

#### **Úr rekstri:**

1. Heildartekjur, þ.e. allar reglulegar rekstrartekjur auk óreglulegra tekna
2. Laun og annar rekstrarkostnaður
3. Framlegð (EBITDA), þ.e. reglulegar tekjur að frádregnum rekstrargjöldum öðrum en afskriftum af rekstrarfjármunum og fjármagnskostnaði, jafnframt reiknuð sem hlutfall af heildartekjum
4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld
5. Rekstrarniðurstaða

#### **Úr sjóðstreymi:**

6. Veltufé frá rekstri, jafnframt reiknað sem hlutfall af reglulegum tekjum
7. Fjárfestingarhreyfingar
8. Afborganir langtímalána og skuldbindinga, jafnframt í hlutfalli við veltufé frá rekstri

#### **Úr efnahagsreikningi:**

9. Veltufjárhluftfall
10. Veltufjármunir og langtímakröfur
11. Skuldir og skuldbindingar (skuldahlutfall og skuldaviðmið)
12. Peningaleg staða (nettó skuldir), jafnframt sem hlutfall af reglulegum tekjum
13. Vaxtaberandi skuldir og skuldbindingar, jafnframt sem hlutfall af reglulegum tekjum
14. Eigið fé

Auk framangreindra lykilupplýsinga um heildarfjárhæðir og hlutföll koma einnig til skoðunar breytingar á milli ára ásamt útreikningum á hvern íbúa til samanburðar milli sveitarfélaga. Við athuganir á einstaka sveitarfélögum eru A-hluta reikningsskil skoðuð ásamt samstæðureikningsskilum en mjög mismunandi er hve mikil áhrif B-hluti reikningsskilanna hefur á fjárhagsstöðu einstakra sveitarfélaga. Einnig er litið til ábyrgða sveitarfélaga.

Vegna yfirferðar á fjármálum sveitarfélaga hefur eftirlitsnefndin sett fram viðmiðanir sem byggðar eru á lágmarkskröfum vegna fjárhagslegra viðmiða, þ.e.a.s. taki mið af því að standast jafnvægisreglu og skuldareglu sveitarstjórnarlaga. Viðmið þessi byggjast á mismunandi skuldahlutfalli og sýna þannig samspil við önnur viðmið þegar fjármál sveitarfélags eru skoðuð. Rétt er að benda á að við yfirferð fjárhagslegra viðmiða er nauðsynlegt að skoða þau í heild og er vert að benda á að sveitarfélög hafa með höndum mismunandi starfsemi, kjör og tækifæri við fjármögnun sem getur í sumum tilvikum haft áhrif á einstök viðmið. Mynd 20 sýnir yfirlit um lágmarksviðmið.

## Mynd 20

### Lágmarksviðmið

Skuldahlutfall - nettó skuldir sem hlutfall af tekjum	50%	100%	150%	200%	250%
Framlegð sem hlutfall af tekjum	5,0%	10,0%	15,0%	20,0%	25,0%
Rekstrarniðurstaða	> 0	> 0	> 0	> 0	> 0
Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum	2,5%	5,0%	7,5%	10,0%	12,5%
Veltufé frá rekstri á móti afborgunum lána og skuldbindinga	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0
Ný lántaka / fjárfesting sem hlutfall af skuldum	5,0%	5,0%	5,0%	2,5%	0,5%
Endurgreiðslutími skulda	20 ár	20 ár	20 ár	20 ár	20 ár
Veltufjárlutfall	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0
Viðmið vaxta	5,0%	5,0%	5,0%	5,0%	5,0%
Aðlögunartími				10 ár	10 ár

Ofangreind viðmið eru lágmarkskröfur og ekki er gert ráð fyrir nema takmarkaðri fjárfestingu þar sem svigrúm til nýrra fjárfestinga/lántöku hjá þeim sveitarfélögum sem skulda meira en 150% af tekjum sínum, er mun þrengra en þeirra sem skulda 150% og minna. Viðmið fyrir þau sveitarfélög sem skulda minna en 150% af tekjum gerir ráð fyrir óbreyttu skuldahlutfalli þeirra við skoðun á lágmarksviðmiðum, þ.e.a.s. ef sveitarfélag skuldar 100% af tekjum sínum eru viðmiðin til þess fallin að viðhalda 100% skuldahlutfalli. Framsetning viðmiða fyrir sveitarfélög sem skulda meira en 150% af tekjum sínum gerir ráð fyrir niðurgreiðslu skulda á 10 ára tímabili.

## 7. Sérstakar aðgerðir – samkomulag við sveitarfélög

Á starfsárinu 2016-2017 greip eftirlitsnefndin ekki til sérstakra aðgerða vegna slæmrar fjárhagsstöðu sveitarfélags. Nefndin vann náið með tveimur sveitarfélögum vegna fjármálanna og gaf nefndin jákvæðar umsagnir vegna óska um framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna kostnaðar við úttekt á fjármálunum.

### 7.1 Breiðdalshreppur

Eftirlitsnefndin hefur um nokkurt skeið fylgst með þróun fjármála Breiðdalshrepps. Á árinu 2013 fékk sveitarstjórn óháðan ráðgjafa til að gera úttekt á rekstri sveitarfélagsins. Í bréfi sveitarstjórnar til EFS þann 7. maí 2014 var niðurstaða vinnu sveitarstjórnar kynnt nefndinni þar á meðal skýrsla ráðgjafans. Samkvæmt áætlun er miðað við að jafnvægisreglu sveitarstjórnarlaga verði náð miðað við fjárhagsárið 2013 og skuldareglu árið 2020.

Samkvæmt ársreikningi 2013 voru skuldir og skuldbindingar í hlutfalli af heildartekjum miklar en skuldaviðmið ársins 2013 var 199%.

Breiðdalshreppur ritaði Jöfnunarsjóði sveitarfélaga bréf, dags. 16. ágúst 2013, þar sem óskað er eftir framlagi vegna kostnaðar við úttekt fjármálum sveitarfélagsins. Vegna þessa óskaði Jöfnunarsjóður eftir umsögn EFS á grundvelli ákvæða í reglugerð nr. 960/2010. Í ljósi mikilla skulda og óvissu í rekstri sveitarfélagsins var niðurstaða eftirlitsnefndar að mæla með framlagi til Breiðdalshrepps vegna kostnaðar við úttekt á rekstri.

Í framhaldi af viðræðum sveitarstjórnar, innanríkisráðuneytis og eftirlitsnefndar var þann 11. febrúar 2015 undirritað samkomulag til tveggja ára milli sveitarstjórnar Breiðdalshrepps og ráðherra um fjármálin í samræmi við 83. gr. sveitarstjórnarlaga. Á undanförunum árum hafa átt sér stað breytingar í rekstri sveitarfélagsins, svo sem íbúáþróun, sem kalla á stefnumótun í rekstri Breiðdalshrepps. Af þessum sökum var ákveðið að ganga til samkomulagsins með aðkomu framangreindra aðila. Hlutverk eftirlitsnefndarinnar vegna samkomulagsins var að hafa eftirlit með framkvæmd Breiðdalshrepps á samkomulaginu sbr. lokamálslið 3. mgr. 83. gr. sveitarstjórnarlaga og var unnið eftir samkomulaginu til loka árs 2016.

Á gildistíma samningsins vann sveitarfélagið að fjárhagslegri endurskipulagningu. Nokkur árangur náðist þar sem rekstrarniðurstaða A-hluta árið 2014 var neikvæð um 6 m.kr. en var jákvæð um 22 m.kr. árið 2015. Rekstrarniðurstaða samstæðu árið 2014 var neikvæð um 4 m.kr. en jákvæð um 30 m.kr. árið 2015. Vísbindingar þá fyrir árið 2016 gáfu fyrirheit um áframhaldandi jákvæða rekstrarniðurstöðu og niðurgreiðslu skammtímaskulda. Skuldaviðmið Breiðdalshrepps árið 2014 var 199%, hafði lækkað og var 150% í árslok 2015.

Í bréfi Breiðdalshrepps til eftirlitsnefndarinnar móttakið í nóvember 2016 sagði að Breiðdalshreppur teldi sig hafa staðið við flest eða öll atriði tilvitnaðs samkomulags nema ákvæðið um hagkvæmismat á auknu samstarfi við önnur sveitarfélög og úttekt á kostum sameiningar. Til að vinna að þessum þætti setti sveitarfélagið fram óskir um framlengingu á samkomulaginu. Sveitarfélagið lagði til að þessum þætti yrði lokið með skýrslu um samfélagsgreiningu sveitarfélagsins og samanburð við nærliggjandi sveitarfélög.

Á árinu 2017 var gengið frá samkomulagi um framlengingu á tilvitnuðu samkomulagi og um fjárhagslega aðstoð sem fæli í sér greiðslu ráðgjafa og útlagðan kostnað vegna úttektar um samfélagsgreiningu. Gildistími samkomulags var til 15. janúar 2018.

Til að uppfylla ofangreint samningsákvæði gerði Breiðdalshreppur samning við Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) um að unnin yrði samfélagsgreining, sem tengdist samstarfsverkefni hreppsins og ráðuneytis sveitarstjórnarmála um fjárhagslega endurskipulagningu. RHA tók einnig að sér að vinna athugun sem leitt gæti til mögulegrar sameiningar Breiðdalshrepps við annað sveitarfélag.

RHA skilaði skýrslu sinni til sveitarfélagsins í byrjun september 2017 þar sem meðal annars kom fram álit skýrsluhöfunda þess efnis að vegna samlegðaráhrifa, samgangna o.fl. skuli horft til Fjarðabyggðar vegna viðræðna um hugsanlega sameiningu Breiðdalshrepps við annað sveitarfélag. Í beinu framhaldi af móttöku skýrslunnar hófst sveitarstjórn Breiðdalshrepps handa um að vinna að framhaldi málsins. Niðurstaða þeirra er að kosið verður um sameiningu þessara sveitarfélaga 24. mars 2018.

## 7.2 Reykjanesbær

Fjármál Reykjanesbæjar hafa á síðustu árum verið til umfjöllunar hjá eftirlitsnefndinni. Nefndin hefur á síðustu misserum átt í formlegum samskiptum við bæjarstjórn Reykjanesbæjar og þrýst á um aðgerðir vegna fjárhagsstöðunnar. Bæjarstjórn Reykjanesbæjar tók í apríl 2014 ákvörðun um óháða úttekt á fjármálum sveitarfélagsins sem leiddi til áætlunar um hagræðingu í rekstri þess. Um tvíþættar aðgerðir var að ræða, hækkun skatttekna og lækkun rekstrarkostnaðar. Fyrstu drög að áætlunum gerðu ráð fyrir 900 m.kr. hagræðingu. Í framhaldinu lagði eftirlitsnefndin fyrir bæjarstjórn að endurskoða aðlögunaráætlun sveitarfélagsins en því hafði ekki tekist að fylgja þeirri aðlögunaráætlun sem samþykkt var árið 2013.

Reykjanesbær ritaði Jöfnunarsjóði sveitarfélaga bréf, dags. 26. júní 2014, þar sem óskað var eftir framlagi vegna kostnaðar við úttekt á fjármálum sveitarfélagsins. Vegna þessa óskaði Jöfnunarsjóður eftir umsögn EFS á grundvelli ákvæða í reglugerð nr. 960/2010. Samkvæmt ársreikningi 2013 voru skuldir og skuldbindingar í hlutfalli af heildartekjum miklar en skuldaviðmið ársins 2013 var 255% og hafði hækkað frá árinu áður andstætt áætlun. Í ljósi erfiðrar fjárhagsstöðu Reykjanesbæjar var niðurstaða nefndarinnar að mæla með framlagi til Reykjanesbæjar vegna kostnaðar við úttekt á rekstri.

Eftirlitsnefndin ritaði Reykjanesbæ bréf þann 4. nóvember 2014 en bréfið var ritað í framhaldi af margháttuðum samskiptum nefndarinnar á árunum 2013 og 2014. Í bréfi nefndarinnar sagði: „Ljóst er að rekstur Reykjanesbæjar er ekki í samræmi við fjárhagsáætlanir og samkvæmt útkomuspá ársins 2014 eru horfur neikvæðar í rekstri. Áætlað er að tap á rekstri árána 2013-2014 verði um 1,0- 1,5 milljarði herra en áætlanir gerðu ráð fyrir.“ Samkvæmt aðlögunaráætlun Reykjanesbæjar var áformað að sveitarfélagið næði aðlögun að skuldaviðmiði á þeim 10 árum sem sveitarstjórnarlög gefa að hámarki og því ljóst að vandinn sem takast þurfti á við á þeim 8 árum sem eftir voru af aðlögun, var meiri vegna neikvæðrar þróunar í rekstri. Skuldir og skuldbindingar voru miklar, skuldaviðmið í árslok 2013 var um 255% en eins og kunnugt er kveður skuldaregla sveitarstjórnarlaga á um að viðmiðið sé ekki herra en 150%. Hagræðing í rekstri, aukin framlegð og bætt rekstrarafkoma, voru þannig grunn forsenda þess að hægt væri að greiða niður skuldir. Vegna þessa var það álit

eftirlitsnefndarinnar að aðlögunaráætlun Reykjanesbæjar sem samþykkt var á árinu 2013, gengi ekki eftir í þeirri mynd sem hún var þá í. Eftirlitsnefndin óskaði því eftir uppfærðri aðlögunaráætlun sem tæki tillit til breyttra forsendna í rekstri sveitarfélagsins.

Svo virðist sem fjárhagsáætlunargerð árána 2013 og 2014 hafi verið ábótavant og ekki í neinu samræmi við rekstur sveitarfélagsins. Einnig var ástæða til að gera athugasemd við gerð útkomuspár fyrir árið 2013 en útkomuspáin var unnin í nóvember-desember árið 2013 og hefði þannig átt að leiða fram niðurstöðu í meira samræmi við rauntölur ársins 2013 sem fram koma í ársreikningi sveitarfélagsins fyrir sama ár.

Í niðurlagi bréfsins var svo vikið að niðurstöðu nefndarinnar til úrlausnar á fjárhagsvanda sveitarfélagsins: „Í ljósi stöðu fjármála sveitarfélagsins og þeirra atriða sem að framan eru rakin, er það niðurstaða nefndarinnar að gert verði samkomulag milli bæjarstjórnar Reykjanesbæjar og innanríkisráðherra um fjárhagsleg málefni sveitarfélagsins eins og gert er ráð fyrir í 2. mgr. 83. gr. laga nr. 138/2011. Samkomulag milli bæjarstjórnar og ráðherra yrði þannig formleg staðfesting á fyrirhuguðum aðgerðum bæjarstjórnar og þeim markmiðum sem að er stefnt. Óskar eftirlitsnefndin eftir því að umræða um þetta atriði fari fram í bæjarstjórn við fyrsta tækifæri.“

Samkomulag í samræmi við ákvæði 83. gr. sveitarstjórnarlaga milli ráðherra og Reykjanesbæjar var svo undirritað þann 30. desember 2014 til eins árs og framlengt þann 15. desember 2015. Á tímabili samkomulagsins vann Reykjanesbær eftir ákvæðum þess þar sem megin markmið samkomulagsins var fjárhagsleg endurskipulagning og hagræðing í rekstri svo fjárhagslegum viðmiðum sveitarstjórnarlaga yrði náð. Samhliða gerð samkomulagsins heimilaði ráðherra að tillögu Reykjanesbæjar, að leggja álag á útsvar sveitarfélagsins og hækka lögbundið 14,52% hámarksútsvar í 15,05%.

Reykjanesbær vann á árunum 2015-2016 að fjárhagslegri endurskipulagningu með aðstoð ráðgjafa og gerð endurskoðaðrar aðlögunaráætlunar í samræmi við óskir eftirlitsnefndarinnar í bréfi 4. nóvember 2014. Eftir yfirferð eftirlitsnefndarinnar á þeim fjárhagslegu upplýsingum sem fram komu var niðurstaða nefndarinnar að Reykjanesbær hefði ekki lagt fram endurskoðaða aðlögunaráætlun sem uppfyllti viðmið 64. gr. sveitarstjórnarlaga, ákvæði II til bráðabirgða og 16. gr. reglugerðar nr. 502/2012.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 502/2012 var það niðurstaða eftirlitsnefndarinnar að misbrestur hefði orðið á að framfylgja aðlögunaráætlun. Þrátt fyrir óskir um endurskoðaða aðlögunaráætlun hafði bæjarstjórn Reykjanesbæjar, þrátt fyrir margháttar aðgerðir sínar og viðræður við kröfuhafa, ekki getað komið fram með aðlögunaráætlun sem uppfyllti fjárhagsleg viðmið 64. gr. sveitarstjórnarlaga við árslok 2022. Að mati bæjarstjórnar var fjárhagsstaða sveitarfélagsins þess eðlis að þörf væri á niðurfærslu skulda til að sveitarfélagið næði skuldaviðmiði fyrir þau tímamörk sem lögin settu. Á borðinu var samkomulag við stærstu kröfuhafa Reykjanesbæjar um að miðað yrði við 6,35 milljarða króna niðurfellingu gegn því að aðrir skilgreindir kröfuhafar, þ.m.t. kröfuhafar Reykjaneshafnar, myndu samþykkja samkomulagið. Ekki náðist sátt meðal kröfuhafa um þetta samkomulag.

